

Skólaráðsfundur 23. maí kl. 09:00

Mættir: Bylgja skólastjóri, Kolbrún Ósk fulltrúi kennara, Ásdís Elma fulltrúi nemenda, Karma fulltrúi nemenda, Guðrún Ósk Á. fulltrúi kennara, Elín Björg fulltrúi foreldra, Margrét Böðvarsdóttir fulltrúi grenndarsamfélags, Ársæll Kristinn fulltrúi almenns starfsfólks.

1. mál – niðurstöður skólapúls

Farið var yfir niðurstöður foreldrakönnunar. Rætt um helstu jákvæðu punktana hennar og hvað þarf að hafa í huga, skoða og bæta.

Farið var yfir niðurstöður starfsmannakönnunar. Rætt um það sem gengur vel og er jákvætt auk þess var farið yfir hvað þarf að skoða betur.

2. mál – næsta skólaár

Skólastjóri fór yfir drög að næsta skólaári.

3. mál – sprotaverkefnið *Við erum með virkt nemendalýðræði*

Ýmis verkefni hafa verið unnin í tengslum við verkefnið, komið er að skilum á lokaskýrslu til Rannis. Nýjasta verkefnið í skólanum sem tengt er lýðræði er krakkakosningar/forsetakosningar. Mikið hefur verið unnið með lýðræði í skólastarfinu á sl. tveimur árum, stefnt er að því að vinna með nemendalýðræðið eflist enn frekar þrátt fyrir að verkefninu verði formlega lokið.

4. mál – fréttir úr skólastarfinu

Sumarfrístund verður í sumar fyrir komandi 1. bekk árgang 2018. Nemendur koma inn að hausti áður en þeir koma inn í 1. bekk og eru í frístund, fara á sundnámskeið og fleira.

Hjá fræðsluskrifstofu er verið að vinna breytingar á kerfi varðandi ástundun. Nýja kerfið verður kynnt betur í ágúst fyrir skólaráði.

5. mál – foreldrafélagið

Kynnti skjal sem sýnir allt sem foreldrafélagið er búið að vinna á þessu skólaári. Margt gott sem hefur verið unnið í vetur og þátttaka hefur verið góð.

6. mál – nemendaráð

Nemendaráð kynnir könnun varðandi símalausa föstudaga. Nemendur vilja halda áfram að hafa símalausa föstudaga en vilja ekki vera símalaus skóli.

7. mál – önnur mál

Næsti fundur 21. ágúst kl. 09:00.